

# Þjónustuhundur ársins 2018 - Samson

Eigandi: Helga Sigurðardóttir

Ræktandi: Salóme Ásta Arnardóttir



Góðan dag,

Við hjá Rauða krossinum í Kópavogi tilnefnum Helgu Sigurðardóttur og Samson en þau hafa mætt í hverri viku á Hjúkrunarheimilið Hamra í Mosfellsbæ og veitt þar ómælda gleði og ánægju í mörg ár. Samson er 9 ára af tegundinni Samoyed.

Þau eru sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum í verkefninu Heimsóknavinur með hund og þar að auki er Helga hópstóri hundavina en hún skipuleggur gönguferðir og fleira fyrir sjálfboðaliða með hunda.

Samson sinnir glaður sínu starfi og elskar að labba um á meðal heimilisfólks og fá klapp og knús. Um leið og hann setur upp Rauða kross klútinn þá veit hann hvert hann er að fara og getur ekki beðið eftir að komast út. Einstakt geðslag hans og frábær eigandi eru orðin ómissandi hluti á Hömrum. Reyndar þegar Helga var lasin og komst ekki þá spurðu allir hvort Samson gæti ekki bara komið sem segir okkur hvað nærvera hundsins skiptir heimilisfólk ið máli og njóti þess að umgangast hann.

Hjá Rauða krossinum starfa sjálfboðaliðar með hund um land allt. Hver hundur í verkefninu er metinn sérstaklega og vandað er til verka. Þeir veita gleði og ánægju hvar sem þeir koma. Það er tekið eftir því hversu hundarnir ná vel til fólks og það aukast beiðnir bæði frá einstaklingum og búsetukjörnum.